

BRÉF

80

HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

17. maí

um þinglausnir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
gjöra kunnugt:

Að vér veitum hér með forsætisráðherra, Steingrími Steinþórssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 69. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Þórður Eyjólfsson.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

AUGLÝSING

81

um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Finnlands.

3. ágúst

Með erindum sendiráðs Íslands og Finnlands í Kaupmannahöfn, dags. 17. júlí 1950, hefur náðst samkomulag um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara Íslands, sem ferðast vilja til Finnlands og gagnkvæmt, enda sé ekki um lengri dvöl að ræða en þriggja mánaða ár hvert.

Samkomulag þetta öðlast gildi hinn 1. ágúst 1950.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, 3. ágúst 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

82

um samkomulag milli Íslands og Ítalíu um afnám vegabréfsáritana.

19. ágúst

Með erindum sendifulltrúa Íslands og sendiherra Ítalíu í París, dags. 8. og 10. ágúst 1950, hefur verið gert samkomulag um að fella niður vegabréfsáritanir vegna ferðalaga milli Íslands og Ítalíu frá 1. september 1950 að telja, enda sé ekki um að ræða lengri dvöl en 6 mánuði.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, 19. ágúst 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.